

mælum, því tekin til greina, enda var stefnanda rétt að sækja stefnda í venjulegu dómsmáli, úr því að uppboðshaldari felldi ekki á sínum tíma úrskurð um kröfu hans.

Úrslit málsins verða því þau, að stefndi er dæmdur til að greiða stefnanda kr. 30.000.00 með 8% ársvöxtum frá 9. október 1964 til greiðsludags.

Eftir þessum málalokum verður stefndi dæmdur til að gjalda stefnanda málskostnað. Þykir hann hæfilega ákveðinn kr. 7.500.00.

Magnús Thoroddsen borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt meðdómendunum Gunnari Bjarnasyni verkfræðingi og Þórði Gröndal verkfræðingi.

Dómsorð:

Stefndi, Einar Guðfinnsson h/f, greiði stefnanda, Borgþóri Sigfússyni, kr. 30.000.00 með 8% ársvöxtum frá 9. október 1964 til greiðsludags og kr. 7.500.00 í málskostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 28. nóvember 1968.

Nr. 203/1968. **Ákærvaldið**

(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)
gegn

Gísla Ólafi Gíslasyni

(Vilhjálmur Þórhallsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómárar Hæstaréttar.

Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum og áfengislögum.

Dómur Hæstaréttar.

Eftir áfrýjun málsins hafa þeir Herbert Árnason lögregluvarðstjóri og lögreglumennirnir Halldór Ársæll Jensson og Vilhjálmur Grétar Árnason, sem fjölluðu um mál ákærða, komið fyrir dóm og borið vætti. Eru þeir samsaga um að

„hafa séð greinileg áfengisáhrif á ákærða“, er hann var handtekinn og fluttur á lögreglustöðina í Keflavík 1. ágúst 1967.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin varðhald 15 daga. Að öðru leyti ber að staðfesta héraðsdóminn.

Ákærði greiði allan kostnað af áfrýjun málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 6.000.00, og laun verjanda síns, kr. 6.000.00.

Dómsorð:

Ákærði, Gísli Ólafur Gíslason, sæti varðhaldi 15 daga. Að öðru leyti á héraðsdómurinn að vera óraskaður.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 6.000.00, og laun verjanda síns, Vilhjálms Þórhallssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 6.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Gullbringu- og Kjósarsýslu 12. júní 1968.

Árið 1968, miðvikudaginn 12. júní, var í sakadómi Gullbringu- og Kjósarsýslu, sem háður var á skrifstofu embættisins af Guðmundi L. Jóhannessyni, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 117/1968: Ákærvaldið gegn Gísli Ólafi Gíslasyni.

Mál þetta, sem dómtekið var í dag, er af ákærvaldsins hálfu höfðað gegn Gísli Ólafi Gíslasyni vélstjóra, Stafnesvegi 1, Sandgerði, fyrir að aka þriðjudaginn 1. ágúst 1967 undir áhrifum áfengis bifreiðinni G 4188 frá heimili sínu í Sandgerði áleiðis til Keflavíkur allt þar til lögreglan kom í veg fyrir frekari akstur hans á Sandgerðisheiði við mót Keflavíkurveggar.

Telst þetta varða við 2. mgr., sbr. 3. mgr. 25. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 26/1958 og 1. mgr. 24. gr., sbr. 45. gr. áfengislagar nr. 58/1954.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til öku leyfissviptingar samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislagar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði er sakhæfur, fæddur 6. júlí 1922 í Sandgerði, og hefur sætt kærnum og refsingum sem hér segir:

1943 18/5 í Reykjavík: Sátt, 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

- 1945 15/1 í Reykjavík: Dómur aukaréttar: 3ja mánaða fangelsi skilorðsbundið í 2 ár, sviptur kosningarrétti og kjör-gengi, fyrir brot gegn 244. gr. hegningarlaga.
- 1947 8/12 Í Reykjavík: Sátt, 25 kr. sekt fyrir ölvun á almanna-færi.
- 1951 1/10 í Hafnarfirði: Sátt, 75 kr. sekt fyrir ölvun á almanna-færi.
- 1953 17/10 í Hafnarfirði: Sátt, 150 kr. sekt fyrir ölvun á al-mannafæri.
- 1960 5/4 á Keflavíkurflugvelli: Sátt, 100 kr. sekt fyrir brot á 38. gr. umferðarlaga.
- 1961 10/6 í Gullbringu- og Kjósarsýslu: Dómur: 15 daga varð-hald, sviptur ökuleyfi í 1 ár, að fráðregnum á mán-uðum og 13 dögum, fyrir brot á áfengislögum og umferðarlögum, frá dómsbirtingu. (Dómsbirting 28. 7. 1965).

Málavextir eru þessir:

Priðjudaginn 1. ágúst 1967 kl. 1850 var lögreglunni í Keflavík tilkynnt, að rauð pall-bifreið væri á leið til Keflavíkur frá Sand-gerði og væri ökumaður hennar sennilega ölvaður. Hófu lögreglu-menn þegar leit að bifreiðinni og stöðvuðu skömmu síðar rauða pall-bifreið, sem bar skrásetningarmerkið G 4188, á Sandgerðis-heiði.

Reyndist ökumaður hennar vera ákærði í máli þessu, og fundu lögreglumennirnir talsverða áfengislykt af honum og sáu, að hann var valtar á fótum. Hann var því færður til læknis, sem tók úr honum blóð til alkóhólrannsóknar, og enn fremur var tekin af honum varðstjóraskýrsla.

Í varðstjóraskýrslu er ástandi ákærða svo lýst, að lítils háttar áfengisþefur hafi verið af andardrætti hans, andlit eðlilegt, fatn-aður velktur, framkoma kurteis, augu vot, jafnvægi óstöðugt, mál-far skýrt og framburður greinargóður.

Hér fyrir dómi hefur ákærði lýst málsatvikum svo, að aðfara-nótt þriðjudagsins 1. ágúst s.l. hafi hann verið við vinnu og ekkert sofið þann dag. Um kl. 1200 sama dag kvaðst ákærði hafa hafið vındrykkju og drukkið dálítið úr glasi af whisky fram til klukkan 1430, en annars verið úti við að mála girðingu hússins nr. 1 við Stafnesveg í Sandgerði.

Ákærði kvaðst hafa um kl. 1830 tekið bifreið sína G 4188 og ekið henni áleiðis til Keflavíkur, en drukkið skömmu áður hált glas af whisky. Leiðin, sem hann kveðst hafa ekið, var frá

heimili hans að Stafnesvegi 1 að vegamótum Keflavíkurvegarins, sem liggur af heiðinni, og að Rockville ratsjárstöð varnarliðsins.

Ákærði kvaðst ekki hafa fundið til áfengisáhrifa við aksturinn og ekki hafa neytt áfengis við aksturinn né að honum loknum.

Í blóðsýnishorni því, sem tekið var úr ákærða í umrætt sinn, fundust við alkóhólrannsókn reducerandi efni, sem samsvara 0.96% af alkóhóli.

Með eigin framburði ákærða, skýrslu lögreglunnar og niðurstöðu alkóhólrannsóknar er nægilega sannað, að ákærði hefur gerzt sekur um þá háttsemi, sem honum er gefin að sök í ákæru, og hefur með því brotið þau refsíákvæði, sem þar eru rakin.

Þann 10. júní 1961 var ákærði með dómi sakadóms Gullbringu- og Kjósarsýslu dæmdur í 15 daga varðhaldsrefsingu og sviptur ökuleyfi í 1 ár frá birtingu dómsins, 28. júlí 1965, þó að frádregnum 5 mánuðum og 13 dögum. 22. febrúar 1966 var varðhaldsrefsingunni með náðun breytt í 5.000.00 króna sekt, sem ákærði greiddi að fullu 24. maí sama ár.

Ákærði hefur í máli þessu krafizt vægustu refsingar og leggur áherzlu á, að fyrrnefndur dómur hafi ekki ítrekunaráhrif, þar eð meir en 5 ár eru liðin frá dómsuppsögu og megi ekki miða við dómsbirtingu, þar eð ákærði hafi allan tímann frá dómsuppsögu og fram að dómsbirtingu verið búsettur í Sandgerði og því engin vandkvæði verið á því að birta ákærða dóminn fyrr.

Dómarinn hafði samband við dómarann í fyrrgreindu máli, og upplýsti hann, að dráttur hefði orðið á birtingu dómsins og hefði sú frestun á birtingu orðið vegna þess, að ákærði var um lengri tíma háður bifreið vegna meiðsla, sem hann hlaut í bílslysi, og frestunin verið gerð í samráði við dómsmálaráðuneytið og einungis fyrir slæmar ástæður hjá ákærða, svo að hann mætti aka bifreið, meðan hann væri að jafna sig eftir meiðslin.

Með vísun til 71. gr., 3. mgr., hegningarlaga nr. 19/1940 verður margnefndur dómur frá 10. júní talinn hafa ítrekunaráhrif, þar eð ekki eru liðin full 5 ár frá því, að refsingin samkvæmt honum var úttekin.

Refsing ákærða þykir því samkvæmt 80. gr. umferðarlaga og 45. gr. áfengislaga hæfilega ákveðin 10 daga varðhald.

Samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga ber að svipta ákærða ökuleyfi ævilangt frá 9. febrúar 1968.

Dæma ber ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda, hæstaréttarlögmanns Vilhjálms Þórhallssonar, sem ákveðast kr. 3.500.00.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði, Gísli Ólafur Gíslason, sæti varðhaldi í 10 daga.

Ákærði er frá 9. febrúar 1968 að telja sviptur ökuleyfi ævilangt.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarn-
arlaun til skipaðs verjanda, hæstaréttarlögmanns Vilhjálms
Þórhallssonar, kr. 3.500.00.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Fimmtudaginn 28. nóvember 1968.

Nr. 218/1968. **Karl Jónsson**

gegn

Fiskiðjunni h/f

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Kærumál. Frávísun.

Dómur Hæstaréttar.

Með kæru 24. október 1968, sem barst Hæstarétti 20. þ. m.,
hefur sóknaraðili samkvæmt 21. gr., 1. tl., b., laga nr. 57/
1962 skotið hinum kærða frávísunardómi til Hæstaréttar.
Krefst hann þess, að dómurinn verði úr gildi felldur og mál-
inu vísað heim í hérað til dómsálagningar að efni til. Svo
krefst hann og kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðilja.

Varnaraðili krefst þess, að ákvæði héraðsdóms um frávísun
verði staðfest og að sóknaraðilja verði gert að greiða honum
málskostnað í héraði svo og kærumálskostnað.

Auglýsingin um skiptafundinn 19. september 1968, sem
taka skyldi ákvörðun um aðild þrotabúsins að riftunarmál-
inu, var ekki skýr um það efni né birt á lögmatan hátt, er
um svo mikilvæga ráðstöfun var að tefla, sbr. 3. gr. laga
nr. 64/1943, enda voru lánardrottnum ekki sendar sérstakar
tilkynningar um fundinn. Með þessari athugasemd og að öðru